

Alþingi  
Erindi nr. P 136/957  
komudagur 27.2.2009

SFF  
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA  
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 27. febrúar 2009

Efnahags- og skattanefnd Alþingis  
Nefndasvið  
150 Reykjavík

**Varðar: Umsögn um frv. til brt. á l. um lífeyrissjóði o.fl. lögum - viðbótarlífeyrissparnaður (321. mál)**

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til framangreinds frumvarps, sem ætlað er að gera þeim einstaklingum sem greitt hafa viðbótariðgjald í séreignarsjóð kleift að nota þá fjármuni tímabundið að ákveðnu marki, sem að öðrum kosti væru bundnir til 60 ára aldurs.

Íslendingar búa við eitt öflugasta lífeyriskerfi sem fyrirfinnst og séreignarsparnaður er stór hluti af kerfinu. Fyrirsjáanlegar eru miklar breytingar á aldurssamsetningu íslensku þjóðarinnar. Gangi mannfjöldaspár eftir mun lífeyrisþegum fjölga mikið í kringum árið 2020 og minnihluti þjóðarinnar vera á vinnumarkaði og greiða skatta. Mikilvægt er veikja ekki lífeyriskerfið því það getur leitt til mikilla vandræða síðar og aukinnar greiðslubyrði ríkissjóðs. Þá er mikilvægt að hafa í huga að séreignarsparnaður er ekki aðfararhæfur. Kröfuhafar geta þannig ekki gengið á þær eignir sama hvað á dynur hjá réttshafa. Það á hins vegar ekki lengur við þegar réttshafi hefur tekið þá fjármuni út.

SFF telja miklu skipta að útgreiðsla verði afmörkuð við þá sem orðið hafa fyrir tekjumissi. Ganga verður út frá því að þeir sem ekki hafa orðið fyrir tekjumissi séu betur í stakk búnir til að mæta þeim erfiðleikum sem ganga yfir, auk þess sem stjórnvöld eru að vinna að útfærslu á tillögum til lausnar á skuldavanda heimilanna. Til að slík afmörkun verði framkvæmanleg fyrir lífeyrissjóðina er mikilvægt að i lögum eða reglugerð séu skýrt afmörkuð þau skilyrði sem þurfa að vera til staðar og á hverjum hvili sú skylda að meta hvort þau séu uppfyllt. Eðlilegt væri að miða við að einungis þeir sem misst hefðu atvinnu, þurft að sæta skertu starfshlutfalli eða tekjuskerðingu ættu kost á fyrirframgreiðslu viðbótarsparnaðar.

Athugasemdir við einstakar greinar:

### 3. gr. a-liður:

#### 1. mgr.

Í stað „1. mars“ komi: 1. apríl. Skýring: Frumvarpið verður ekki lögfest fyrr en eftir 1. mars, auk þess sem vörsluaðilar þurfa tíma til að gera alla ferla klára áður en útgreiðslur geta hafist.

#### 2. mgr.

Málgreinin gerir ráð fyrir hámarksfjárhæð, 1 millj. kr., sem réttshafi geti tekið út af samanlögðum lífeyrissparnaði sínum á grunni bráðabirgðaákvæðisins. Slík takmörkun er mikilvæg, en ekki liggur fyrir með

hvaða hætti henni verður fylgt eftir, t.d. þannig að rétthafi geti ekki flutt eignir á milli sjóða og tekið svo 1 millj. kr. út hjá hverjum vörsluaðila.

5. mgr.

SFF gera ekki athugasemdir við orðlag málsgreinarinnar en spyrja hvernig eigi að framfylgja henni. Slíkt ákvæði mun t.d. aldrei geta girt fyrir að kröfuhafar bendi skuldunautum á að þeir geti hugsanlega leyst mál að hluta með að koma með innborgun, sem oft gæti jafngilt nýtingu séreignarsparnaðar síns. Í mörgum slíkum tilvikum má svo gera ráð fyrir að þær fjárhæðir nægi ekki til að koma skuldum í skil og rétthafi sitji þannig eftir verr staddur en áður.

Ný 5. mgr.

Við bætist ný málsgrein, sem verði 5. mgr., svohljóðandi:

*„Vörsluaðila séreignarsparnaðar er heimilt að innheimta þóknun til að mæta þeim kostnaði sem hlýst af útgreiðslu á grundvelli þessa ákvæðis.“*

Skýring: Ljóst er að töluverður kostnaður mun felast í því fyrir sjóðina að framfylgja lögunum, bæði beinn t.d. vegna innlausnar verðbréfa og óbeinn vegna umsýslu við útgreiðsluna. Ekki er eðlilegt að þeir rétthafar sem eftir sitja verði látnir bera þann kostnað sem hlýst af ráðstöfun rétthafa sem sækir um fyrirframgreiðslu.

### 3. gr. b-liður

Í ákvæðinu er lagt til að vörsluaðilum sé veitt tímabundin heimild til frestunar á útgreiðslu séreignarsparnaðar. Mikilvægt er að slík heimild sé almenn, þ.e. ekki afmörkuð við bráðabirgðaákvæði, og að hún nái jafnframt til flutnings séreignarsparnaðar. Sambærileg heimild er í lögum um verðbréfasjóði (27. gr. laga nr. 30/2003) til að tryggja jafnræði sjóðfélaga, en hefur fram til þessa vantað í lífeyrissjóðalögin. Því er lagt til að ákvæði til bráðabirgða IX falli brott, en í stað þess komi almennt ákvæði sambærilegs efnis í lögin.

Í ljósi framangreinds eru lagðar til eftirfarandi breytingar:

I. B-liður 3. gr. falli brott.

II. Við bætist ný grein, er verði 1. gr., svohljóðandi:

*Við bætist ný grein, 11. gr. a., svohljóðandi:*

*„Vörsluaðila séreignarsparnaðar er heimilt að fresta útgreiðslu séreignarsparnaðar skv. 1.-4. mgr. 11. gr. og bráðabirgðaákvæði VIII, og flutningi séreignarsparnaðar milli mismunandi leiða hjá sama vörsluaðila eða til annarra vörsluaðila, að uppfylltum þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessu ákvæði.“*

*Frestun skv. 1. mgr. skal vera almenn og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir rétthafa séreignarsparnaðar krefjist þess. Frestun skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu, sbr. 44. gr. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.*

*Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að útgreiðslum eða flutningi séreignarsparnaðar verði frestað krefjist hagsmunir rétthafa sparnaðar eða almennings þess.“*

### Binditími verðtryggðra innstæðna

Í 15. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, segir að Seðlabankinn geti að höfðu samráði við viðskiptaráðherra ákveðið lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána. Jafnframt segir í greininni að Seðlabankinn setji nánari reglur um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, sbr. nú reglur Seðlabanka nr. 492/2001. Samkvæmt 2. gr. þeirra reglna er innlánsstofnunum því aðeins heimilt að taka á móti sparifé gegn verðtryggingu að innstæða sé bundin í þrjú ár eða lengur. Ljóst er að á útgreiðslutímabili skv. bráðabirgðaákvæði í a-lið 3. gr. frumvarpsins er nauðsynlegt að heimila vörsluaðilum og innlánsstofnunum að horfa fram hjá þessari þriggja ára reglu til að geta leyst út eignir sjóðfélaga í verðtryggðum innstæðum sem á útgreiðslutíma hafa verið bundnar skemur en þrjú ár.

Færa má fyrir því gild rök að almennt sé skynsamlegt við núverandi aðstæður að heimila verðtryggingu sparifjár til skemmri tíma. Hægt er að gera slíka breytingu á grunni gildandi laga. Að lágmarki er brýnt að við þinglega meðferð frumvarpsins tryggi Alþingi að vörsluaðilum séreignarsparnaðar og innlánsstofnunum sé veitt undanþága frá 2. gr. reglna 492/2001 meðan útgreiðslutímabil stendur yfir.

**Niðurlag:**

**SFF hafa áhyggjur af framtíðaráhrifum þeirrar stefnumörkunar að opna á útgreiðslur úr séreignarsjóðum landsmanna og telja brýnt að slíkum breytingum verði sniðinn eins þröngur stakkur og kostur er.**

Virðingarfyllt,



Guðjón Rúnarsson